

## Úr brunnum gleyskunnar: Skrif miðamerískra kvenna á fyrri hluta 20. aldar<sup>1</sup>

Þegar horft er til bókmennta í smárikjum Mið-Ameríku gegndi ljóðið lengst af lykilhlutverki, smásagan var vinsæl, og skáld-sagan sat í öndvegi. Hér á eftir verður sjónum beint að stuttum prósatextum og ljóðum frá upphafi 20. aldar, tímabilinu þegar stjórn málaátök mótuðu mjög áherslur innan bókmennta og listalífs í álfunni og stefnan sem kennd er við framúrstefnu (s. *vanguardia*) réð ríkjum.<sup>2</sup> Markmiðið er að varpa ljósi á það hvernig sú menningarlega uppstokkun sem birtist í bókmenntum Mið-Ameríku snemma á öldinni, þar sem efnistöð einkenndust af nýstárlegri endurskoðun á sjálfsm myndum þjóða álfunnar og bókmenntatilaunum, skapaði konum aukið rými á vettvangi bókmennta.<sup>3</sup> Þær bættu umræðu um konur og stöðu kvenna í samfélaginu við klassísk efnistöð um sjálfmyndir og alþýðumeningu og spyrja má hvort einmitt þau efnistöð hafi ráðið jaðarsetningu þeirra við ritun

1 Hasan Karakilinc, doktorsnema í spænsku við Háskóla Íslands og Toulouse háskóla í Frakklandi, er þökkud líðveisla við heimildaöflun.

2 Margarita Rojas útskýrir hvernig framúrstefnan fylgdi í kjölfar móðernismans í Mið-Ameríku og hvernig stjórn málaóreiða réð úrslitum um þróun beggja hreyfinga. „El modernismo centroamericano“, *Revista digital para los curiosos del modernism*. 1991, bls. 10. <https://magazinmodernista.com/2009/01/14/dario-y-el-modernismo-centroamericano/> Sjá einnig ítarlega umfjöllun Adrian Taylor Kane í *Central American Avant-Garde Narrative* (2014).

3 Chang-Rodríguez og Filer tiltaka ljóðskáldin Vicente Huidobro (Síle, 1893–1948) og César Vallejo (Perú, 1892–1938) sem frumkvöðla hreyfingarinnar. Í kjölfarið fylgdu svo „Pablo Neruda frá Síle, César Vallejo frá Perú, Jorge Luis Borges frá Argentínu og Nicolás Guillén frá Kúbu“. *Aproximaciones*, 2017, bls. 305.

hinnar hefðbundnu bókmenntasögu álfunnar. Í umfjölluninni verður brugðið upp svipmyndum af skrifum þeirra Carmenar Sobalvarro (Níkaragva, 1908–1947/8), Matilde Elena López (El Salvador, 1923–2010), Pilar Bolaños (El Salvador, 1923–1961) og Yolöndu Oreamuno (Kostaríku, 1916–1956).

## Straumar og stefnur

Til að setja bókmenntir Mið-Ameríku í sögulegt samhengi er vert að hafa í huga að flest lönd álfunnar öðluðust sjálfstæði á árunum 1810 og 1820 og stóran hluta 19. aldar reyndist það ekki aðal áhyggjuefni ráða- eða menntamanna að slíta tengslin við Evrópu, og á það við um atvinnu og efnahagsmál, jafnt sem menningu og listir. Nýlendufyrirkomulagið var rótgróið og byggðist á útflutningi matvæla og náttúruauðlinda (s. *sistema extractivista*).<sup>4</sup> Frjálshyggja, pósítívismi og sambandshyggja voru þeir valkostir sem ígrundaðir voru og pólitísk yfirstétt fylgdi því fyrirkomulagi að málum, rétt eins og margir áberandi menntamenn og rithöfundar þess tíma.

Gallinn við það að sækja fyrirmyndir til Evrópu var sá að þrátt fyrir að það stuðlaði að nútímavæðingu og rofi frá nýlendutímanum, gerði það lítið fyrir viðleitni fjölmargra ríkja álfunnar til að skapa sína eigin sjálfsmynd. Álfan gæti virst nútímaleg, en væri varla annað en eftirlíking af frumgerðinni. Verið var að skipta einu nýlendufyrirkomulagi út fyrir annað.<sup>5</sup>

Við upphaf 20. aldar urðu hins vegar umtalsverð umskipti. Vaxandi áhrif Bandaríkjanna, iðnvæðing, fólksfjölgun, þéttbýlismyndun, skipulag vinnuarkaðar, vaxandi millistétt, viðvarandi misskipting auðs og breytt stjórnskipulag einkenndu þetta tímabil. „Kreppan, með umtalsverðum samdrætti í útflutningi, skók stoðirnar.“<sup>6</sup>

Þessar þjóðfélagsbreytingar endurspegluðust í listum. Raunsæis-  
hyggjan – sem einkenndi síðari hluta 19. aldar – var dregin í efa.

4 Hólmfríður Garðarsdóttir, *Fléttur* VI, 2023, bls. 97–121.

5 Bakewell, 2004, bls. 487.

6 Bakewell, 2004, bls. 515.

Áhrifa módernismans gætti í endurnýjun ljóðformsins, frjálsari stílbrigðum og uppstokkun tungumálsins. Með framúrstefnunni fór af stað róttækari framsetning álitamála auk nýstárlegra og áhrifamikilla formtilrauna.<sup>7</sup> Sjónum var í auknum mæli beint að því staðbundna. Þessar breytingar birtust mishratt innan ólíkra bókmenntagreina. Ljóðformið tók mestum breytingum og ljóðskáldin gengu lengst í því að tileinka sér nýstárlega framsetningu og áleitni efnistöð. Jean Franco tekur undir málflutning José Emilio Pacheco um að framúrstefnan, eins og hún birtist í Rómönsku Ameríku, hafi verið tvíþætt. Annars vegar lúti hún að aðlögun spænskrar tungu að aðstæðum á hverjum stað en hins vegar birtist hún í hápólitískri afstöðu til álitamála samtímans. Franco ítrekar að for-gengismenn stefnunnar hafi látið skoðanir sínar og gildismat skýrt í ljós í verkum sínum.<sup>8</sup> Áður en kannað er hvernig umrædd umskipti opnuðu konum leið inn á svið bókmenntanna, þar sem karlar sátu fyrir, er nauðsynlegt að skilja ögn betur helstu einkenni framúrstefnunnar sem svo mjög mótaði bókmenntir og listir á fyrri hluta 20. aldar.

Forvígismenn hreyfingarinnar í Rómönsku Ameríku voru andraunsæismenn en álitu módernismann gamaldags, íhaldssaman og rötgróinn. Yngri höfundar létu sig þjóðfélagsmál varða og beindu sjónum að staðbundnum aðstæðum. Þeir litu enn til evrópskra fyrirmynda en mátuðu þær við eigin veruleika. Naomi Lindstrom lýsir því svo:

[...] þeir fóru að taka tillit til sértækra menningar- og sögulegra aðstæðna, auk þarfa tiltekinna svæða og þjóða. [Þeir] sóttust eftir hraðari og straumlínulagaðri tjáningu, án málskrúðs eða orðalenginga. Þeir studdust við tjáningarform sem hæfði síbreytilegum samtíma. Textar þeirra urðu sundurleitir og þar réð tilraunakennd aðferð við persónusköpun og meðferð tíma og rúms.<sup>9</sup>

7 Bakewell bendir á það í kafla sem hann titlar „Defining themselves“ (2004, bls. 486–491), að mexíkósku vegglistamennirnir Diego Rivera (1886–1957), José Clemente Orozco (1883–1949) og David Siqueiros (1898–1974) hafi í verkum sínum lofað „the perceived native identity, whether pre-conquest or present“ (bls. 490).

8 Pacheco, 1979, bls. 329. Franco, 1998, bls. 269. Hún kemst að því að „[...] se dedica a la exploración del lenguaje poético y que rechaza la temática social, y la otra ‚comprometida“.

9 Naomi Lindstrom, 1994, bls. 63.

Í þessu samhengi losnuðu bókmenntir tímabilsins undan kröfunni um leit að háleitri fegurð og hverfðust þess í stað í auknum mæli að því að leita hins ljóðræna í prósatextum og kafa ofan í afkima sjálfsins. Skáld eins og Gabriela Mistral, Vicente Huidobro og Pablo Neruda frá Síle, Octavio Paz frá Mexíkó, Nicolás Guillén og José Lezama Lima frá Kúbu, Luis Palés Matos frá Púerto Ríkó, Jorge Luis Borges og Oliverio Girondo frá Argentínu og Ernesto Cardenal frá Níkaragva, settu afgerandi mark sitt á bókmenntir álfunnar. Í ljóðagerð þeirra má glögggt greina hvernig pólitískar hræringar móta listsköpun og hvernig einkennandi þáttur framúrstefnunnar felst í því að innlima listsköpun alþýðufólks, frumbyggja og afrískra íbúa álfunnar. Philip Swanson orðar það svo:

Ef raunsæisbókmenntir fólu í sér tiltekin gildi og hugmynd um ytri félagslegan veruleika, þá gáfu nýstárleg skrif tuttugustu aldar til kynna enn víðtækari tilvistar- eða frumspækilega óvissu. Á síðum þeirra var hugmyndin um veruleikann vandamál og lífið sjálft var mögulega merkingarlaust.<sup>10</sup>

Hvað stílbrögð varðar, var leitað að hinu frumlega og óvænta, sem og því hlutbundna og almenna.<sup>11</sup> Kíminn undirtónn var áberandi auk þess sem hefðbundinni setningaskipan og greinarmerkjasetningu var ögrað.<sup>12</sup> Þannig yrkir Pablo Neruda í þýðingu Ingibjargar Haraldsdóttur:

Stundum þreytir það mig að vera maður [...] / uppþornaður, ónæmur, eins og flókasvanur / siglandi á vatni upphafs og ösku [...] Ég spássera í makindum, með augu, með skó / með ofsareiði, með gleymsku / geng áfram, fer um [...] húsgarða þar sem föt hanga á vír til þerris: / nærbuxur, handklæði og skyrtur sem gráta / þungum skítugum tárum.<sup>13</sup>

Yrkisefni Neruda og samtímaskálda hans vitna um hversu hröð samfélagsleg uppstokkun var í syðstu ríkjum álfunnar, Argentínu,

10 Philip Swanson, 2008, bls. 42.

11 Þýðing á hugtökunum: „anti-sentimentalismo“ og „anti-anecdotal“.

12 Chang-Rodríguez og Filer 2017, bls. 305.

13 Neruda í ljóðinu „Walking around“, *Hafð starfar í þögn minni*, 2018, bls. 79 og 81.

Síle og Úrúgvæ, auk Brasilíu, og hversu afdrifaríkt umrótið reyndist. Bókmenntirnar urðu mikilvægur vettvangur til að spyrna við fótum, ígrunda og draga upp myndir af átökum og umdeildum félagslegum aðstæðum. Þungamiðja umræddrar túlkunar birtist í bundnu og óbundnu máli, þótt ljóðformið hafi reynst einstaklega gjöfult, urðu hápólítískar vangaveltur um sögu, menningu og samfélag ráðandi leiðarstef. Menningarfrömuðir álfunnar lögðu sín lóð á vogarskálar uppfærslu sjálfsmynda landanna um leið og horft var til framtíðar og leitað sameiginlegra samnefnara. Þeir gerðu sitt besta til að „endurmóta sjálfsmynd Suður-Ameríku gagnvart Evrópu“.<sup>14</sup>

Í bókinni *Central American Avant-Garde Narrative* (2014) skoðar höfundurinn, Adrian Taylor Kane, það sem hann kallar „gleymda texta“ Mið-Amerískra rithöfunda (s. *narrativas olvidadas*) til að sýna fram á að þessi listræna hreyfing hafi ekki aðeins blómstrað heldur verið ótrúlega mikilvæg og áhrifamikil. Taylor Kane heldur því fram að rannsóknir á framúrstefnu Mið-Ameríku hafi fyrst og fremst beinst að ljóðum og stefnuskrám mismunandi hópa, á meðan prósatextar hafi lengi verið hunsaðir.<sup>15</sup> Enn fremur segir hann að þótt framúrstefnuhöfundar álfunnar hafi greinilega verið undir áhrifum frá evrópskum jafnöldrum sínum hafi hreyfingin þróast og hverfst um svæðisbundin menningaráhrif. Hann leggur áherslu á að ekkert ríki í Mið-Ameríku, annað en Níkaragva, hafi búið að samræmdri framúrstefnuhreyfingu, sem að hluta til skýri hvers vegna fjöldi höfunda sem aðhylltust hreyfinguna hafi fallið óbættir hjá garði í skrásetningu bókmenntasögu svæðisins.

Rétt eins og verið hafði um raunsæisstefnuna og módernismann mótaðist hreyfingin af virkri þátttöku karla, langt umfram konur. Bókmenntaframlag kvenna var jaðarsett, talið minniháttar eða síðra og oft hunsað í safnrítum og innan bókmenntafræðilegrar greiningar. Innganga þeirra í þessi afmörkuðu, karllægu rými táknaði stílfræðilega endurnýjun og tilraunir, sem áttu sér stað á mismunandi hraða í mismunandi löndum og í mismunandi formum, svo sem ljóðum, prósatextum ýmiskonar og ritgerðum.

14 Gelado 2008, bls. 653.

15 Taylor Kane byggir rannsóknir sínar fyrst og fremst á greiningu verka eftir karlhöfunda eins og Miguel Ángel Asturias, Luis Cardoza Aragón og Flavio Herrera (Gvatemala), Rogelio Sinán (Panama) og Max Jiménez (Kostaríku/Argentínu).

Meðal þessara týndu radda – og sjónum verður beint að hér á eftir – er að finna eftirtektarverðan tilraunaskáldskap kvenna, enda einkennast verk þeirra af stílfræðilegum tilraunum og truflandi formum, samtímis því að bera á borð djörf og ögrandi efnistöð, sem oftast en ekki hverfast um stöðu kvenna eða beina athygli lesenda að ætluðum hlutverkum þeirra.

## Níkaragva

Við upphaf tuttugustu aldar einkenndist stjórn mála- og menningarlíf Níkaragva af pólitískum óstöðugleika og átökum. Um það réðu annars vegar hernám Bandaríkjamanna (1912–1933)<sup>16</sup> og hins vegar andspyrna skæruliðahreyfingar Augustos Sandino.<sup>17</sup> Á menningar sviðinu var arfleifð ljóðskáldsins Rubéns Darío alltumlykjandi.<sup>18</sup> Darío, sem kallaður hefur verið „faðir“ módernismans í Rómönsku Ameríku, stokkaði með afgerandi hætti upp í ríkjandi raunsæishyggju og gaf ímyndunaraflinu nýtt hlutverk innan bókmennta. Í kjölfar fyrri heimsstyrjaldarinnar spratt svo framúrstefnuhreyfingin fram í Níkaragva, undir forystu hóps fyrrverandi nemenda Mið-Ameríku skólans (s. *Colegio Centro-América*), í borginni Granada, undir forystu ljóðskáldanna Josés Coronel Urtecho, Pablos Antonio Cuadra og Joaquíns Pasos.

„Framúrstefnan naut mikillar hylli í Níkaragva. Efnilegustu ungskáldin fylgdu henni að málum og bundið mál varð vettvangur nýsköpunar í bókmenntum. Ljóðformið varð vettvangur pólitískrar umræðu.“<sup>19</sup> Með útgáfu bókarinnar Óður til Rúbens Darío (s. *Oda a Rubén Darío*), beindi hópurinn gagnrýni sinni að arfleifð Daríos og setti fram stefnuskrá hreyfingarinnar. Í tilraunum sínum til að nútímavæða bókmenntalega tjáningu brugðu ungskáldin á það ráð að nota kaldhæðni og fátánleika til að hæðast að arfleifð módernism-

16 Einnig þekkt sem „bananastríðin“ (las „guerras bananeras“). Upphafleg ástæða átakanna var ætluð Bandaríkjanna að byggja skipaskurð innan landamæra Níkaragva.

17 César Augusto Sandino (1893–1934) var og er þekktasta frelsishefja Níkaragva. Við kenningar hans studdust byltingaröflin FSLN (s. *Frente Sandinista de Liberación Nacional*) sem náðu völdum í landinu, af einræðisherranum Anastacio Somoza, árið 1979 og héldu þeim til 1990. Sandinistahreyfingin var kosin til valda að nýju árið 2006 og heldur þeim enn.

18 Darío leitaðist við að tjá nýja gerð þjóðerniskennar sem um tíma naut mikillar hylli.

19 Naomi Lindstrom 1994, bls. 70.

ans.<sup>20</sup> Þeim var gjarnan lýst sem hvatamönnum „kínfónískra ljóða“, ljóða þar sem hljómfall talmáls alþýðufólks naut sín, og þar sem þeir lofuðu dægurmenningu Níkaragva og þjóðerniskennd, öfugt við það sem þeir álitu að borgaralegar bókmenntir módernismans gerðu.<sup>21</sup>

Framlag framúrstefnuhreyfingarinnar í bókmenntasögu landsins hefur verið ítarlega skráð og greint, þótt flest safnrit og fræðibækur um efnið hunsí framlag eins merkasta skálds og rithöfundar tímabilsins Carmenar Sobalvarro (1908–1947).<sup>22</sup> Það ræðst væntanlega af skorti á ævisögulegum heimildum, er lítið er vitað um líf Sobalvarro og ritverk hennar voru til langs tíma nær óþekkt, enda þótt hún hafi gegnt mikilvægu hlutverki sem rithöfundur og pólitískur aktívisti.<sup>23</sup> Vitað er að Sobalvarro fæddist í litlu sveitaþorpi í norðurhluta Níkaragva árið 1908. Ljóðskáldið og fræðikonan Helena Ramos hefur rannsakað bókmenntaframlag Sobalvarro og bent á að fjarvera hennar úr bókmenntasögu Níkaragva skýrirst e.t.v. af því að hún bjó hluta ævi sinnar í Hondúras og orti þar, skrifaði og gaf út.<sup>24</sup>

Af endurheimtum heimildum má ráða að Sobalvarro hafi stigið inn á svið bókmenntanna með því að birta pistla og greinar í staðbundnum dagblöðum en hennar er fyrst getið í tímaritinu *Graphic*, sem gefið var út í höfuðborg Níkaragva, 3. nóvember 1929. Prósaljóð hennar „Rós“ („Una rosa“) og „Ég vildi vera ...“ („Yo quisiera ser ...“), birtust síðar í sama blaði. Fyrstu verk hennar bera módernísk og rómantísk einkenni og verða vart flokkuð sem sérlega nýstárleg. Í umræddum skrifum gætir tilfinningalegrar huglægni, nokkuð sem Ramos flokkar sem kvenlega fagurfræði og líta má á

20 Sjá: „Ligera exposición y proclama de la Anti-Academia Nicaragüense“. Grein úr *Diario nicaragüense*, Granada, frá því í apríl, 1931.

21 Hugtakið „cinfonía“ vísar til talmáls alþýðufólks en prósaljóðið „Chinfonía burguesa“, eftir Joaquín Pasos og José Coronel Urtecho, birtist fyrst árið 1931. Það var síðan endurritað sem einþáttungur til uppsetningar á sviði árið 1936. Sjá umfjöllun Vicky Unruh í „Chinfonía burguesa: A Linguistic Manifesto of Nicaragua's Avant-Garde“, frá 1987. <https://journals.ku.edu/latr/article/view/683/658>

22 Dánardagur óþekktur. Gjarnan er tiltekið að hann hafi verið 1947 eða 1948.

23 Helena Ramos bendir á að verk Sobalvarro hafi fallið í gleymsku og ítrekar að fáir muni lengur eftir henni („Nadie recuerda a Carmen Sobalvarro“, 46). Hún beindi því kröftum sínum að því að taka viðtöl við samtímafolk hennar. Sjá: „Escritoras nicaragüenses: un festín de marginalidad“, sem út kom 2004.

24 Helena Ramos 2004, bls. 45–58.

sem feimnislega tilraun til að hnekkja ríkjandi hefðum innan bókmenntaelítu hennar daga. Með það í huga ávarpar hún gjarnan konur í ljóðum sínum, mæður, vinkonur og ungar stelpur, og vísar síendurtekið til mikilvægis kvenna. Í ljóðinu „Cantar II“ yrkir hún: „Margarita, Carmen, Ana / þið syngið um sigrana / mín ástríða / ég endurtek / beinist að þjóð vorri.“<sup>25</sup> Það var ekki fyrr en nokkru síðar, eða upp úr 1930, að verk hennar verða pólitískari og staða kvenna verður síendurtekið og áberandi umfjöllunarefni. Sobalvarro tekur upp samstarf við tímaritið Konur Níkaragva (*Mujeres de Nicaragua*) og það var með skrifum sínum á þeim vettvangi sem hún öðlaðist fyrst opinbera viðurkenningu.<sup>26</sup>

Sobalvarro naut vaxandi viðurkenningar innan bókmennta, stjórn mála og í opinberri umræðu. Árið 1931 lagði hún land undir fót og ferðaðist til borgarinnar Granada í Níkaragva og gekk til liðs við framúrstefnuhópinn sem fyrr er getið. Ásamt karlkyns félögum sínum skrifar hún undir stefnuskrá and-akademíunnar (s. *Anti-Academia Nicaragüense*) og gerir þannig tengsl sín við hreyfinguna opinbera. Hvernig samskiptum við kollega úr framúrstefnuhópnum var háttað er ekki vitað og fræðimenn takast á um það hvort hún hafi – sem eina konan í hópnum – notið sannmælis. Pablo Antonio Cuadra, einn af meðlimum hópsins, lýsir aðkomu hennar með eftirfarandi hætti: „Allt í einu birtist þessi fallega sveitastúlka með leiftrandi augu. Hún færði okkur rómantísk ljóð sín, jafn falleg og fersk og plantekrur norðursins. Þetta var Carmen Sobalvarro, angurvær ástkona Sandinos.“<sup>27</sup>

Þessi tilvitnun vekur upp ýmsar spurningar um hlutverk hennar og framlag til hópsins. Annars vegar virðist hún hafa gegnt hlutverki ljóðrænnar „skáldagyðju“ (*musa*) og verið tengiliður hópsins við uppreisnaröfl Sandinista eða jafnvel Sandino sjálfan. Sumar heimildir ganga jafnvel svo langt að segja að hún hafi gengið til liðs við hreyfinguna sem málsvari Sandinista, þar sem flestir meðlimir

25 Hún minnir þjóð sína (Níkaragva) á mikilvægi kvenna og yrkir: „Þessi lofgjörð er frá konum þínum komin“ [„Será de tus mujeres ese cantar glorioso“] og „Það verða konurnar sem gefa þér líf!“ [„Y serán tus mujeres las que te den la vida!“]. Úr ljóðinu „Þú vaknar einn dag ...“ [„Despertarás un día ...“], *Cantos a Nicaragua* (1938). (Finzer, 2022, bls. 465).

26 *Diccionario de escritores nicaraguenses* (s. „Safnrit um höfunda frá Níkaragva“), 1994. Sobalvarro var gjarnan tilgreind sem ein af ástkonum byltingarhetjunnar Augusto Sandino og samkvæmt Jorge Eduardo Arellano sendi hún hershöfðingjanum safn skrifa sinna og ljóða árið 1929.

27 Cuadra 1986, bls. 164.



hópsins hafi komið frá efri-miðstéttarfjölskyldum og fylgt íhaldsmönnum að málum. Hins vegar hefur gagnrýnandinn Helena Ramos bent á að framlag Sobalvarro til framúrstefnunnar sé umtalsvert og að unga konan hafi verið tekin inn í hópinn þökk sé verðleikum hennar á sviði bókmennta.<sup>28</sup> Hún veltir einnig upp þeim möguleika að pólitísk áhrif hennar sem málsvara Sandinista og reynsla hennar meðal skæruliðasveita þeirra, hafi stuðlað að því að móta og styrkja sýn hópsins þegar kom að því að skilgreina hlutverk framúrstefnunnar sem andófsafls. Í prósaljóðinu „Hljóðlega“ („Silenciosamente“) beinir hún máli sínu til skæruliðans og segir: „Þú ert frjáls eins og vindurinn og fugl skógarins, en samt fjötraður í tilbeiðslu barnslegrar viðkvæmni [...] Ég skynja kvöl þína [...] og leyndarmál.“<sup>29</sup>

Nýleg enduruppgötvun á skrifum Sobalvarro, sem telja sjö prósaljóð og fjölda pistla, afhjúpar nokkur ríkjandi einkenni sem fela í sér óbundið form spænskrar rómantíkur. Eins og vikið var að einkennast skrif hennar af myndlíkingum og hverfast gjarnan um hversdagslíf kvenna. Á sama tíma vitna önnur skrif hennar um hversu samofin ljóðin eru baráttunni fyrir uppstokkun ýmiss konar. Má þar nefna ljóðið Indjánastúlka frá Níkaragva („Indita de Nicaragua“), sem upphefur þjóðerniskennd og afhjúpar tilraun til að breyta viðhorfum með kaldhæðni. Hún gagnrýnir ítök Bandaríkjanna í álfunni og segir ...: „Fölleiti kanatittur (*yankecito*) ekki fara á fjörurnar við mig. Ég kýs heldur að fara með frumbyggja út á kornakurinn. Ég er hitabeltisblóm (*flor tropical*) og þótt mér sé sagt að land þitt sé fagurt og auðlegð þar mikil, vel ég að ganga hér berfætt um grundir og gæða mér á banana.“

Yankecito de buen color,  
no me pidas amor ...  
Porque con un indio me voy  
al verdecito maizal  
porque soy flor tropical.  
Tu país es muy hermoso  
y dicen ... que es muy lujoso

28 Ramos 2004, bls. 50.

29 Finzer, *Modern Women Intellectuals...*, 2022, bls. 461.

y que hay muy ricas manzanas;  
 pero a mí me dan más ganas  
 de andar descalza en mis llanos  
 comiendo dulces bananos ...<sup>30</sup>

Þegar skoðaðar eru skilgreiningar á fagurfræði þess tímabils sem hér um ræðir má finna framsetningu rómantískis myndmáls sem hlaðið er samfélagsgagnrýni og efasemdum um ríkjandi heimsvaldastefnu. Ljóðið „Sorgin á mig alla“ („Toda estoy triste“), skrifað stuttu eftir morðið á Sandino, endurspeglar einmitt þessa framsetningu. Ljóðmælandi andvarpar að ástmögurinn sé horfinn og biður jafnt fiðrildi sem fugla um liðsinni við leitina um skógivaxið fjallendið, en án árangurs. Milli línanna má lesa til hvers er ort og hver beri ábyrgð á hvarfi viðfangsins.<sup>31</sup> Ljóðið naut mikilla vinsælda meðal kvenna í Mið-Ameríku og vakti enn frekari athygli á skrifum Sobalvarro, enda fór hér í senn framúrskarandi skáld og málsvari syrgjandi kvenna um álfuna endilanga á umbrotatímum.<sup>32</sup>

Eftir að Somoza komst til valda neyddist Sobalvarro til að yfirgefa Níkaragva og fara í útlegð. Staðfest er að hún bjó víða og varð þekkt fyrir pólitíska virkni sína, jafnvel þótt hún hafi fallið í gleysku fyrir andlát sitt seint á fjórða áratugnum. Daisy Zamora lýsir fyrstu skrifum hennar sem „frumstæðum, settum fram í óbundnu máli“.<sup>33</sup> Helena Ramos bætir við að í skrifum sínum beini Sobalvarro, ólíkt öðrum rithöfundum á fyrri hluta 20. aldar, gjarnan sjónum að málefnum og stöðu kvenna.<sup>34</sup>

Í ljósi nýrra rannsókna er mikilvægi Sobalvarro á vettvangi framúrstefnubókmennta í Níkaragva staðfest og virk þátttaka hennar meðal pólitískra aðgerðarsinna álitin einstök. Á bókmenntasviðinu sker hún sig úr fyrir að vera kona, sandinisti og „vanguardista“. Á opinberum vettvangi fyrir að vera málsvari kvenna og óþreytandi aktívisti. Þessar margvíslegu leiðir til að ögra hefðbundnum við-

30 Finzer 2022, bls. 457.

31 Avellán (ritstj.). *Poemas a Sandino*, 1984, bls. 21.

32 Finzer bendir á að: „Sobalvarro’s mastery of chifonía speaks to her lyric command of *el habla nicaragiense* and the popular genres of her day. Pivoting from strategically sentimental verse to acerbic social critiques, she establishes herself as an accomplished and complex poet“ (2022, bls. 462).

33 Zamora 1991, bls. 936.

34 Ramos 2014, bls. 51.

horfum til kvenna gætu útskýrt það hvers vegna arfleifð hennar var, viljandi eða ekki, jaðarsett um áratuga skeið og framhjá henni litið. Ennfremur gætu efnistök skrifa hennar, sem lúta að umráðarétti kvenna yfir eigin líkama og lífi, félagslegri stöðu og réttindum kvenna, einnig ráðið einhverju um útilokun og gleymsku.

## El Salvador

Í El Salvador gætti áhrifa framúrstefnunnar síðar en í Níkaragva því þar réð módernismi för í bókmenntalífi landsins fram á fjórða áratug 20. aldar.<sup>35</sup> Fyrstu óræðu áhrifa hreyfingarinnar komu fram í kjölfar átaka sem rekja má til lækkunar kaffiverðs árið 1929. Efnahagsleg, pólitísk og félagsleg kreppa skall á og stuðlaði að stofnun einræðis eftir valdarán undir forystu Maximilianos Hernández Martínez hershöfðingja árið 1931. Ógnarstjórn og kúgun voru daglegt brauð, ásamt því sem íhaldssemi hverskonar var haldið á lofti. Stöðnun varð áþreifanleg á menningarsviðum en svæðisbundnum andspyrnuöflum óx fljótlega fiskur um hrygg og skáld og rithöfundar innan þeirra vébanda beindu sjónum að því óréttlæti sem dreifbýlið og bændasamfélagið var beitt.

Í þessu andrúmslofti kemur fram nýr hópur menntamanna sem heldur á lofti endurnýjun þjóðlegra bókmennta undir áhrifum framúrstefnunnar. Þessi kynslóð rithöfunda og skálda setti fram róttæk viðbrögð við úreltum fagurfræðilegum viðmiðum. Hópurinn tók pólitíska afstöðu og staðsetti sig gegn einræðinu og stuðlaði ásamt öðrum að falli ríkisstjórnar Martínez árið 1944. Það er ástæða þess að hópurinn var síðar auðkenndur sem '44 kynslóðin.<sup>36</sup> Meðlimir hópsins kynntu bókmenntir breytinga, með rætur í hugmyndafræði vinstrianna. Þeir kynntu til leiks framsýnar framúrstefnubókmenntir, ekki aðeins hvað efnistök og afstöðu varðaði, heldur ekki hvað síst í málnotkun og tilraunum með form. Þeir skilgreindu bókmenntir sínar sem málsvara þjóðfrelsis sem byggðist á mannlegri reisn og viðspyrnu gegn hnignun. '44 kynslóðin náði fljótt þroska og tók þátt í að móta skapandi tilraunakennt um-

35 Toruño 1957, bls. 57.

36 López 1998, bls. 97.

hverfi þar sem framúrstefnan, með djúpar rætur í sögulegri fortíð landsins blómstraði. Meðal merkra meðlima hópsins voru Antonio Gamero, þekktur sem villta skáldið, Pedro Geofroy Rivas, Hugo Lindo, Oswaldo Escobar Velado, José María Méndez og Matilde Elena López, stofnmeðlimur Samtaka andfasískra rithöfunda og listafólks (s. *Asociación de escritores y artistas antifascistas*), skáld, ritgerðarhöfundur, kennari og bókmenntafræðingur.

Matilde Elena López (1923–2010) er talin einn fjölhæfasti og afkastamesti rithöfundur El Salvador á 20. öld. Hún hóf langan feril sinn þegar hún var enn á unglingsaldri með því að gefa út ljóð. Þegar hún var 16 ára var falast eftir því að hún skrifaði pistla í dagblaðið *Diario Nuevo* og fjallaði um kvenréttindi og bókmenntir.<sup>37</sup> Eftir henni var tekið og hún naut vaxandi viðurkenningar fyrir greinar sínar, prósaljóð og stuttar ritgerðir í innlendum tímaritum og dagblöðum eins og *El Diario de Hoy*, þar sem hún sýndi ekki aðeins hæfni og færni á vettvangi bókmenna, heldur einnig pólitíska staðfestu.<sup>38</sup>

Enda þótt hún hafi ekki litið á sig sem femínista í upphafi rithöfundarferils síns beitti hún sér fyrir samþættingu sjónarmiða kvenna í félagslegri og pólitískri umræðu.<sup>39</sup> Hún fylgdi róttækri endurnýjunarsýn '44 kynslóðarinnar að málum. Í verkum hennar birtast nýstárlegar myndir af konum, framsetning sem var vissulega í samræmi við þær byltingarkenndu hugmyndir sem umrædd kynslóð menntamanna hélt á lofti en náðu ógjarnan til kvenna. Þannig urðu skrif hennar vettvangur ögrandi þjóðfélagsumræðu og var ætlað að auka pólitíska vitund samferðafólks. Á einum stað segir hún:

Við gerum kröfu til þess að ljóð tjái ekki einungis rómaníska eða epíska frásögn. Við viljum að ljóð nútímans tjái eitthvað djúpstæðara, jafnvel eitthvað yfirskilvitlegt. Eitthvað innilegt og upphafið. Við viljum andmælandi, ígrundandi og lágstemmd ljóð.<sup>40</sup>

37 Dálkurinn sem hún fékk til umráða bar yfirskriftina „Samtal við konur“ (s. „Charlando con ellas“).

38 Velásquez 2007, bls. 253–265.

39 Velásquez 2007, bls. 257.

40 „Grupo Seis, entidad cultural y literaria de El Salvador.“ *Diario Latino*, 16. mars, 1942.

Í skrifum sínum setur López fram hugmyndafræði þar sem valdefling kvenna er mikilvæg. Í ritgerð sinni „Niður með léttúðugar dúkkur“ („*Eliminamos muñecas frívolas*“), sem birt var í dagblaðinu *El Diario de Hoy*, árið 1942, útskýrir hún: „Það gefst enginn tími til að læra á tælingarvopnin. Konur ættu ekki að eyða tíma í léttúð. Það er kominn tími til að þær verði meðvitaðar um eigið lærdómsferli og að við styðjumst við dæmi víða að úr heiminum [...]“. Í annarri grein, sem birt var árið eftir í sama blaði, segir hún:

Menntakonur samtímans beina ekki kröftum sínum eingöngu að því að yrkja. Þeim er umhugað um lausn mikilvægra þjóðfélagsmála [...]. Konur hafa fundið verðugan vettvang til aðgerða og framlag þeirra mun án efa hafa afgerandi áhrif. Þær munu tryggja frekari framfarir og stuðla að blómlegu menningarlífi í El Salvador.<sup>41</sup>

Í prósaljóði sem hún kallar „Skilaboð til Amerískra kvenna“ („*Mensaje a las mujeres de América*“), segir í lauslegri þýðingu: „Megi sigurinn sem Maya-indjána-konurnar tryggðu verða kveikjan að draumum Inka-indjána-kvenna. Þær eru hinar raunverulegu dætur Ameríku („*hijas de América*“).<sup>42</sup> Og í prósaljóði sínu „Söngur Izalco indjána“<sup>43</sup>, eru það fjöldamorð á frumbyggjum sem eiga hug hennar allan. Þar segir hún ...: „tuttugu þúsund féllu fyrir það eitt að biðja um brauð“. Í framhaldinu vísar hún til þeirra sem bræðra, til augna þeirra sem rósa og baráttukraftinn ber hún saman við eldgos.<sup>44</sup>

Tilvist Lópezar í El Salvador einkenndist af virkri þátttöku hennar í Lýðræðisfylkingu kvenna, þar sem hún lagði sitt af mörkum í baráttunni fyrir réttindum kvenna, og í vaxandi félagslegri og pólitískri virkni gegn einræðinu.<sup>45</sup> Eftir stutt lýðræðistímabil neyddi annað valdarán hersins, undir forystu Osmíns Aguirre y Salinas ofursta, López, sem og aðra pólitíska andstæðinga, til að flýja El Salvador, fyrst til Gvatemala og síðan til Ekvador, þar sem hún útskrifaðist frá Quito-háskóla og varð fyrsta konan frá El

41 *El Diario de Hoy*, 1. nóvember, 1941.

42 „Mensaje a las mujeres de América“, *Diario Latino*, 29. október, 1942.

43 „Romance de los izalcos“, *Repertorio Americano*, 40 (18), 1943, bls. 278.

44 Ticas 2011, bls. 311.

45 Velásquez 2007, bls. 254.

Salvador til að útskrifast með doktorsgráðu í heimspeki og bókmenntafræði árið 1956.<sup>46</sup> Auk Matilde Eleni López skipuðu aðrar áberandi konur raðir framúrstefnunnar í El Salvador. Meðlimir þessa nets byltingarsinnaðra menntakvenna voru m.a. María Loucel, Lydia Valiente og Margot O'Connor. Mest áberandi var þó Pilar Bolaños (1923–1961), en bókmenntaarfleifð hennar mótaðist af baráttu fyrir róttækum félagslegum umbótum með kvenlegt og femínískt sjónarhorn. Herská og ljóðræn skrif hennar ögruðu hefðbundnum kynjaviðmiðum og hvöttu til virkrar þátttöku kvenna í stéttabaráttu og við endurskipulagningu samfélagsins. Hugmyndafræði hennar birtist t.d. í ljóðinu „Öll tilvera mín“ („*Todo mi ser*“), þar sem ljóðmælendur hennar, konur, mæður, bændur og verkamenn, eru holdgervingar friðsamlegs samfélags. Athyglisvert er að hér og í mörgum öðrum prósaljóðum sínum býður Bolaños upp á heildrænt og víxlverkandi sjónarhorn. Það tekst henni með því að gefa mörgum hópum rödd og í takt við aðferðir framúrstefnunnar, náði hún eyrum verkalyðsstétta og frumbyggja jafnt í borgum og dreifbýli. Uppfærð þjóðerniskennd sem heldur uppruna allra íbúa álfunnar á lofti og pan-amerísk viðfangsefni um íbúa sem kúgaðir eru af hefðbundnu og rótgrónu valdakerfi liggur til grundvallar. Sem spegilmynd umræddra viðhorfa vitnar ljóðið „Skilaboð til kvenna í Ameríku“ („*Mensaje a las mujeres de América*“), þar sem kallað er á konur um alla álfu og þær hvattar til að ná tókum á örlögum sínum með því að rekja ættartölu sína og uppgötva fjársjóði frumbyggjaróta sinna. Á sama hátt er í ljóðinu „Ljóð Izalco-fólksins“ („*Romance de los izalcos*“) sett fram samfélagsgagnrýni sem byggð er á heimsmynd frumbyggja þar sem náttúran er manngerð.<sup>47</sup>

Eins og aðrir meðlimir þessara hópa birti Bolaños eingöngu ljóð og stuttar ritgerðir í blöðum og tímaritum í El Salvador þar til hún hrökklaðist í útlegð til Kostaríku árið 1943, eins og raunin varð með fleiri meðlimi. Þar hélt hún áfram að birta skrif sín, aðallega í

46 Eftir 12 ára útleið í Gvatemala, hélt hún til Ekvador og sneri fyrst til baka til heimalandsins, El Salvador, árið 1957. Velásquez 2007, bls. 255.

47 Í ljóðinu stýðst skáldið við hefðbundið spænskt *romance* ljóðform, en snýr upp á það að hatti andspyrnuskálda. Matilde Elena López, „Romance de los izalcos“, *Repertorio Americano*, 1943, No. 40, bls. 18.

tímaritinu *Repertorio Americano*.<sup>48</sup> Þar í landi varð hún fórnarlamb pólitískra ofsókna fyrir þátttöku sína í starfi kommúnistaflokksins og tók að lokum eigið líf 38 ára að aldri. Hún skildi eftir sig bókmenntaarfleifð sem enn á eftir að safna betur saman og rannsaka, en vert er að ítreka að áhrif þeirra Pilars Bolaños og Matilde Elena López einskorðuðust ekki við El Salvador heldur má rekja þau til nágrennalandanna þar sem þær héldu andspyrnu sinni áfram sem pólitískir aðgerðarsinnar og með bókmenntaframlagi sínu.

## Kostaríka

Í tilfalli Kostaríku réð raunsæisstefna ríkjum í bókmenntum langt fram á 20. öld, þótt koma Olimpo-kynslóðarinnar fram á sjónarsviðið á fyrri hluta aldarinnar hafi ráðið úrslitum um framgang framúrstefnu og þátttöku kvenna. Útgáfa bókmenntatímaritsins *Repertorio Americano*, sem Joaquín García Monge stofnaði og ritstýrði, á árunum 1919 til 1958, hafði þar að auki mikil áhrif. Tímaritið þjónaði sem vettvangur stjórn málaumræðu og skoðanaskipta um bókmenntir, en í því birtust jöfnum höndum skáldskapur, þýðingar og fræðigreinar eftir menntamenn frá Bandaríkjunum, Evrópu og löndum Rómönsku Ameríku.<sup>49</sup> Allt frá fyrstu tölublöðum ber á umræðu um framúrstefnu annars vegar sem fagurfræði og hins vegar sem vettvang félagslegrar baráttu.<sup>50</sup> Alþjóðleg útbreiðsla tímaritsins var gagnleg ungu menntafólki á uppleið og stuðlaði að vaxandi vinsældum þess. Höfundar efnis deildu áþekku verðmætumati og voru forvitnir um nýsköpun og breytingar. Mikilvægi tímaritsins fyrir bókmenntasögu Kostaríku endurspeglast í nafni hópsins sem að því stóð, en hann varð þekktur sem Repertorio-kynslóðin og síðar '40 Kynslóðin. Meðal félaga voru Isaac Felipe Azofeifa, José Marín Cañas, Max Jiménez, Eunice Odio og Yolanda Oreamuno.

48 Enn þann dag í dag er erfitt að nálgast verk Matilde Elena López, jafnvel þótt nokkur þeirra hafi verið endurútgefin upp úr 1950 og hún hafi unnið til viðurkenninga bæði í El Salvador og Gvatemala.

49 Til frekari upplýsinga sjá: <https://www.revistas.una.ac.cr/index.php/repertorio>

50 Videla de Rivero 1983, bls. 96–122.



Til að setja tilkomu þessarar nýju kynslóðar í samhengi, stóð Kostaríka efnahagslega tæpt þegar efnahagskreppa þriðja áratugarins reið yfir og verð á aðalútflutningsvöru landsins, kaffi, hrundi. Óein- ing og róstur einkenndu þjóðmálin en þau leiddu að lokum til tíma- bils róttækra umbóta undir forsæti Rafaels Ángel Calderón (1940– 1944), sem á valdatíð sinni endurbætti vinnulöggjöf landsins, heil- brigðis- og menntarkerfið, stofnaði bandalög og tengsl við verka- lýðsfélög, framsækna geira trúarsamfélagsins og Kommúnistaflokk Kostaríku.<sup>51</sup> Samtímis á sér stað róttæk endurnýjun á sviði bók- mennta og lista.

Rithöfundar og skáld beina sjónum sínum í auknum mæli að félagslegum aðstæðum fólksins í landinu og áleitnum afleiðingum mismununar.<sup>52</sup> Innan þessa félagslega og pólitíska samhengis kom Yolanda Oreamuno (1916–1956) fram á sjónarsviðið. Hennar við- fangsefni laut að því að gagnrýna framsetningu kvenna í bók- menntum og ræða kynjamisrétti, bæði á vettvangi stjórnmála, sam- félags og bókmennta. Hún öðlaðist snemma sess sem fyrsti framúr- stefnu-rithöfundurinn í Kostaríku, þótt það hafi ekki verið fyrir en upp úr 1960, fimm árum eftir fráfall hennar, að ritrýnar hófust handa við að greina ritverk hennar. Verk hennar birtust víða, en þó aðallega í *Repertorio Americano* fyrst í stað. Meðal þeirra vekur rit- gerðin „Á þessari stuttu leið“ („A lo largo del corto camino“)<sup>53</sup> athygli. Ritgerðinni var lítill gaumur gefinn í fyrstu og hún jafnvel markvisst útilokuð úr vinsælum safnritum landsins, hugsanlega vegna slúðursagna um lífsstíl höfundarins sem fordæmd var fyrir það að ganga ekki í hjónaband.<sup>54</sup> Í fjölmörgum greinum hennar sem birtar voru í tímaritinu komu viðhorf hennar greinilega fram. Annars vegar hélt hún félagslegu réttlæti á lofti og skildi það á for- sendum kvenfrelsis, sem sannarlega var umdeilt mál á hennar dögum. Í ritgerðinni „Ráð fyrir skóla um hvernig losa má konur undan léttúð samfélagsins“, (s. „Medios que Ud. sugiere al Colegio para liberar a la mujer costarricense de la frivolidad ambiente“),<sup>55</sup>

51 Til að auðvelda umrædd bandalög skipti flokkurinn um nafn. Hann kallaðist *Partido Comunista de Costa Rica* en eftir 1943 *Partido Vanguardia Popular*, eða framúrstefnuflokkurinn.

52 Pacheco Solórzua 2014, bls. 63.

53 Yolanda Oreamuno, *A lo largo del corto camino*. San José: Editorial Costa Rica, 2014.

54 Caamaño 2008, bls. 95.

55 Yolanda Oreamuno, „Medios que Ud. sugiere al colegio para liberar a la mujer costarricense de la frivolidad ambiente“, *Repertorio Americano*. 1938, No. 20, bls. 2.



fordæmir Oreamuno félagslegar aðstæður kvenna innan menntakerfisins. Hún lítur á léttúð sem plágu og gagnrýnir hlutverk kaþólska skólakerfisins sem tæki til að viðhalda kynbundnum fordómum sem halda konum frá þátttöku í samfélaginu. Jafnframt undirstrikar hún nauðsyn þess að konur ögri ríkjandi staðalmyndum til að koma á framfæri hugmyndum sínum og skoðunum. Í sömu grein ræðst hún á kvenfrelshugmyndir síns tíma, sem mjög lutu að aukinni atvinnuþátttöku kvenna, og sakar fylgjendur þeirra um að skilja kvenfrelsi einungis á efnahagslegum forsendum. Samkvæmt skrifum hennar leiðir þetta kúgandi ástand til hlutgervingar kvenna og kemur í veg fyrir að þær þrói sjálfstæða sjálfsmynd og öðlist skilning á sjálfri sér sem frjálsri samfélagsveru.

Sumar aðrar greinar hennar, þar á meðal „Endurkoma á algenga staði“ („La vuelta a los lugares comunes“) og „Mótmæli gegn þjóðsögum“ („Protesta contra el folklore“), votta um nýstárlegar hugmyndir hennar um bókmenntir. Á vettvangi stjórnmálanna, talar hún fyrir umbótum og endurnýjun. Hún leggur áherslu á samsetningu þjóðarinnar, fjölmenningarlegan bakgrunn og fjölyngi. Hún varar við því að listrænar hreyfingar endurskapi gjarnan klisjur og glati mikilvægi ef þær falla í gryfju stöðnunar, verði einstaklingsmiðaðar eða einhliða. Þessi úrkynjun endurspeglast í skorti á frumleika og misnotkun á myndlíkingum og samanburði. Hún kallar eftir nauðsyn þess að „hreinsa“ ljóðið um leið og ígrunda þurfi innihald þess enn frekar. Hún leggur áherslu á nauðsyn þess að ganga sífellt lengra, opna nýjar leiðir.

Skáldsaga Oreamunos, *La ruta de su evasión*, sem upphaflega var gefin út í Gvatemala árið 1948, hefur orðið tákmynd hugmynda hennar um bókmenntir jafnt sem hugmyndafræði. Um eins konar „uppbrota-sögu“ („*novela de ruptura*“) er að ræða.<sup>56</sup> Hún segir frá lífi hefðbundinnar miðstéttar-fjölskyldu, með áherslu á móðurina, Teresu, frá sjónarhorni alvíturs sögumanns. Sögupersónur verksins skortir með öllu færni í mannlegum samskiptum og sagan er því að miklu leyti sögð fyrir tilstuðlan hugarflæðis, eða innri einræðna. Lesandinn dregst inn í sálarlíf þeirra og meðvitund. Gagnrýni höfundar á skert réttindi kvenna í samfélaginu og þá staðreynd að

56 Um er að ræða ritverk sem í senn slítur sig frá staðbundnum venjum og hefðum, ásamt því að stokka upp hugmyndafræðileg og fagurfræðileg viðmið.

raddir þeirra heyrast ógjarnan á opinberum vettvangi ræður ferð. Fyrir tilstuðlan endurlita annars vegar og margradða frásagna hins vegar leggur höfundur áherslu á rótgrónar feðraveldisvenjur og hvernig jaðarsetning kvenna skapar tengslanet þeirra á milli. Höfundur sviptir hulunni af því hvernig kúgandi fjölskyldugerð feðraveldisins ber ábyrgð á þjáningum kvenna og félagslegri útskúfun þeirra. Þannig tekst Oreamuno, sem hafði lýst því yfir að bókmenntir hennar væru í senn sósíalískar og sálgreinandi, að sameina hvort tveggja á kunnáttusamlegan hátt.<sup>57</sup>

Nú til dags er skáldsagan álitin femínísk um leið og hana ber að skilja sem tákmynd framúrstefnuhreyfingarinnar í bókmenntum. Í henni fléttar höfundur saman leit persónanna að nýrri sjálfsmynd og sérlega róttækri gagnrýni á feðraveldið.<sup>58</sup> Hugmyndafræðilega var Oreamuno því langt á undan sinni samtíð og lagði sín lóð á vogarskálar endurnýjunar miðamerískra bókmennta.

## Lokaorð

Markmið þessarar greinar hefur verið að svara því hvernig skapandi skrif kvenna á fyrri hluta 20. aldar, ekki hvað síst á vettvangi prósaljóða og ritgerða, mótaðist af þeirri uppstokkun sem framúrstefnan, eins og hún þróaðist í Mið-Ameríku, gaf tilefni til. Ögrandi samfélagsrýni samófst bókmenntatílaunum og opnaði konum leið inn á vettvang bókmennta. Í fyrsta lagi, var gerð stuttleg grein fyrir menningarlífi svæðisins í upphafi 20. aldar. Í öðru lagi fylgdi samantekt um bókmenntaferil og verk Carmenar Sobalvarro frá Níkaragva, Matilde Elena López og Pilars Bolaños frá El Salvador og Yolöndu Oreamuno frá Kostaríku, til að skilja betur hvernig rithöfundarnir tóku virkan þátt og mótuðu bókmenntaarfleifð smárikja Mið-Ameríku á fyrri hluta tuttugustu aldar.

Af framansögðu má ljóst vera að miðamerísk framúrstefnuskáld og rithöfundar umbreyttu bókmenntum svæðisins, jafnvel þótt þeim hafi ekki tekist að gjörbylta samfélögunum sem þau spruttu úr. Bókmenntir Mið-Ameríku héldu áfram að vera: „undir stjórn

<sup>57</sup> Molina Jiménez 2019, bls. 2.

<sup>58</sup> Coto-Rível 2021, bls. 17.

hvíttra karla (með örfáum undantekningum þeldökkra, frumbyggja- og kvenskálda) sem héldu á lofti arfleifð nýlendustefnu, jafnvel þegar þeir töldu sig vinna að afbyggingu hennar<sup>59</sup>. Nauðsynleg uppstokkun sjálfsmýnda svæðisins var þó hafin og þegar fulltrúar ólíkra minnihlutahópa og jaðarsettra þjóðfélagshópa birtust á sviði bókmenntanna, tóku fleiri og fleiri konur málin í sínar hendur. Með kvenleg sjónarhorn að vopni og femínísku augnaráði komu nýstárlegir ungir rithöfundar, eins og Sobalvarro, López, Bolaños og Oreamuno, fram á sjónarsviðið og létu í sér heyra.

Carmen Sobalvarro gekk til liðs við hóp menntamanna í Níkaragva og gerðist pólitískur aðgerðarsinni á þeim tíma þegar fáar konur tjáðu pólitískar skoðanir sínar opinberlega. Þematísk áhyggjuefni prósaljóða hennar, sem snerust um félagslega skuldbindingu og ríkjandi staðalmyndir um konur rugguðu bátum, ekki hvað síst vegna tilraunakenndra listrænna aðferða sem notaðar voru. Í öðru lagi byggist arfleifð Matilde Elenú López og Pilar Bolaños á félagslegum áherslum í skrifum þeirra og virkri þátttöku við uppbyggingu hreyfingar sem stuðlaði að frekara framlagi kvenna. Þátttaka beggja setti verulegt mark á framúrstefnuna í El Salvador sem og í öðrum löndum álfunnar. Að verk þeirra skuli enn vera til skoðunar ræðst af þrálátri andspyrnu þeirra um áratugaskeið og þátttöku í pólitískum aktívisma sem og á vettvangi skapandi skrifa. Að lokum gagnrýndi Yolanda Oreamuno umfjöllun um konur í bókmenntum frá Kostaríku og fjallaði um kynjamisrétti í samfélaginu og bókmenntaheiminum. Í skrifum hennar birtist beitt gagnrýni á samfélagsskipan heimalandsins sem mótuð er af ógnarvaldi kennisetninga kirkjunnar og karlveldinu. Hún tekst á við ríkjandi klisjur og varar aðra menntamenn við hættunni á stöðnun í nálgun sinni. Af þeim fjórum var hún ef til vill einlægasti samfélagsrýnirinn innan framúrstefnuhreyfingarinnar.

Í stuttu máli hafa rök verið færð fyrir því að ekki sé hægt að rannsaka miðameríska framúrstefnu án þess að hafa sögulegar, pólitískar og efnahagslegar aðstæður í huga. Róstur í upphafi 20. aldar ollu víðtækum breytingum á öllum sviðum samfélagsins. Pólitísk átök stuðluðu að margs konar valdabaráttu sem aftur hafði

59 Read, 2022, bls. 2.

áhrif á listalífið og þar með bókmenntirnar. Hugmynda- og fagurfræðilegar uppstokkanir veltu upp spurningum um stöðu kvenna í samfélagsgerðinni. Þrátt fyrir ofsóknir gegn rithöfundum sem settu mark sitt á skapandi skrif í ríkjum Mið-Ameríku, mörkuðu konur djúp spor í bókmenntasögu álfunnar með nýsköpun sinni á vettvangi fræðiskrifa og prósaljóða á fyrri hluta 20. aldar.

## HEIMILDIR

- Arellano, Jorge Eduardo. *Diccionario de autores nicaragüenses*. Editorial Biblioteca Nacional: Managua, 1994.
- Arnedo-Gómez, Miguel. „Fernando Ortiz’s Transculturation: Applied Anthropology, Acculturation, and Mestizaje“, *The Journal of Latin American and Caribbean Anthropology*. Vol. 27, no. 1-2, 2022, bls. 123–145. <https://doi.org/10.1111/jlca.12590>
- Avellán, Hector (ritstj.). *Poemas a Sandino*. Editorial Biblioteca Nacional, Managua, 1984. <https://www.inc.gob.ni/wp-content/uploads/2024/02/POEMAS-A-SANDINO.pdf>
- Bakewell, Peter. *A History of Latin America*. Blackwell: Oxford 2004.
- Benedikt Hjartarson, Éva Forgács, Sami Sjöberg og Przemyslaw Stozek. „Introduction“, *Journal of Avant-Garde Studies*. Vol. 1, 2020, bls. 3–9.
- Caamaño, Virginia. „La lagartija de la panza blanca de Yolanda Oreamuno: una lectura desde la voz narrativa“, *Revista Electrónica Educare*, Vol. 12, no. 1, 2008, bls. 95–103.
- Chang-Rodríguez, Raquel og Filer, Malva E. *Voces de Hispanoamérica: Antología literaria*. Cengage: Boston 2017.
- Coto-Rivel, Sergio. „Yolanda Oreamuno, frivolidad ambiente y pensamiento feminista en Costa Rica“, *Cuadernos Inter.c.a.mbio sobre Centroamérica y el Caribe*, Vol. 18, no. 2, 2021, bls. 1–21.
- Cubillo Paniagua, Ruth. *Mujeres e identidades. Las escritoras del Repertorio Americano (1919–1959)*. Editorial de la Universidad de Costa Rica: San José, 2001.
- de Vallbona, Rima. „Yolanda Oreamuno: el estigma del escritor“, *Cuadernos Hispanoamericanos*. No 270, 1972, bls. 474–500.
- Finzer, Erin. „Modern Women Intellectuals and the Sandino Rebellion: Carmen Sobalvarro and Aura Rostand“, *Latin American Research Review*. Vol 56, no. 2, 2022, bls. 457–471. DOI: 10.25222/larr.878
- Finzer, Erin. „Among Sandino’s girlfriends: Carmen Sobalvarro and the Gendered Poetics of a Nationalist Romance“, *Latin American Research Review* (The Latin American Studies Association). Vol. 47, no. 1, 2012, bls. 137–160.
- Franco, Jean. *Historia de la literatura hispanoamericana*. Editorial Ariel: Barcelona, 1998.
- Hólmfríður Gardarsdóttir. „Eftirlendur, arðrán og umhverfi. Stígveldi baráttunnar gegn loftslagsbreytingum í Rómönsku Ameríku“, *Fléttur VI: Loftslagsvá og jafnrétti*, 2023, bls. 97–121.
- Hólmfríður Gardarsdóttir (ritstj.). *Hafið starfar í þögn minni*. Háskólaútgáfan, Reykjavík 2018.
- Galloso Camacho, María Victoria og Antonio, José. „Mujeres nicaragüenses. La escritura de Aura Rostand y Carmen Sobalvarro“, *Raudem: Revista de Estudios de las Mujeres*. Vol. 9, 2021, bls. 144-161. DOI: 10.25115/raudem.v9i1.6219

- Gamero, Antonio. *T.N.T.* Editorial R. Membreño, San Salvador, 1943.
- Galado, Viviana „El arte de negación. El manifiesto de vanguardia en América Latina“, *Revista Iberoamericana*. Vol. LXXIV, no. 224, 2008, bls. 649–666.
- Gómez, Rafael Ochoa. „Matilde Elena López: entre intelectualidad, la política y la Academia“, *Revista Humanidades*. Vol. 1, 2013, bls. 77–86.
- Lindstrom, Naomi. *Twentieth Century Spanish American Fiction*. University of Austin Press: Austin, Texas, 1994.
- López, Matilde Elena. „Oswaldo Escobar Velado y la Generación del 44“, Luis Alvarenga (Ed.), *Ensayos literarios*. Dirección de Publicaciones e Impresos: San Salvador, 1998.
- Mendonca, Gilberto og Müller-Bergh, Klaus. *Vanguardia latinoamericana. Tomo I, México y América Central: historia, crítica y documentos*. Iberoamericana: Madrid, 2007.
- Molina Jiménez, Iván. *Yolanda Oreamuno: una contribución fotográfica y documental (1931–1956)*. Universidad de Costa Rica, Centro de Investigaciones Históricas de América Central: San José, 2019.
- Oreamuno, Yolanda. *A lo largo del corto camino*. Editorial Costa Rica: San José, 2014.
- Oreamuno, Yolanda. *La ruta de su evasión*. EDUCA: San José, 1994.
- Oreamuno, Yolanda. „Protesta contra el folklore“, *Repertorio Americano*. Vol. 40, no. 5, 1943.
- Oreamuno, Yolanda. „La vuelta a los lugares comunes“, *Repertorio Americano*. Vol. 37, no. 1, 1940.
- Oreamuno, Yolanda. „Medios que Ud. Sugiere al colegio para librar a la mujer costarricense de la frivolidad ambiente“, *Repertorio Americano*. Vol. 20, no. 2, 1938.
- Pacheco, José Emilio. „Nota sobre la otra vanguardia“, *Revista Iberoamericana*, 1979, 45 (106), bls. 327–334. DOI 10.5195/reviberoamer.1979.3377
- Pacheco Solórz, Carlos. „Discursos literarios en Costa Rica“, *Revista ESPIGA*. Vol. 26, 2014, bls. 59–66.
- Ramos, Helena. „Escritoras nicaragüenses: un festín de marginalidad“, *Revista GénEros*. Vol. 8, no. 22, 2004, bls. 45–58.
- Read, Justin. „Poetry of the Latin American Avant-Garde“. Doi: <https://doi.org/10.1093/acrefore/9780190201098.013.1293>, 2022
- Repertorio Americano*. <https://www.revistas.una.ac.cr/index.php/repertorio>
- Riches, Christopher og Palmowski, Jan. *A Dictionary of Contemporary World History*. 5. ed. Oxford University Press: Oxford, 2019.
- Rojas, Margarita. „El centroamericano errante: nacionalismo y modernismo en la época liberal“. *Revista de Historia*. Vol. 24, 1991, bls. 9–20. Í „El modernismo centroamericano“, *Revista digital para los curiosos del modernismo*. <https://magazinmodernista.com/2009/01/14/dario-y-el-modernismo-centroamericano/>
- Rosenberg, Fernando J. *The Avant-Garde and Geopolitics in Latin America*. University of Pittsburgh Press: Pittsburg, 2006.

- Roque Baldovinos, R. „La ‘novela épica’. Nacionalismo carismático y vanguardia en América Latina“, *Revista de Ciencias Sociales y Humanidades*. Vol. 107, 2006, bls. 117–143. DOI: <https://doi.org/10.5377/realidad.v0i107.3887>
- Saine, Manuel. „Adrian Taylor Kane. Central American Avant-Garde Narrative: Literary Innovation and Cultural Change (1926-1936)“, *Rocky Mountain Review*. Vol. 70, no. 1, 2016, bls. 93–111. *Gale Literature Resource Center*. link. [gale.com/apps/doc/A466519886/LitRC?u=anon~5763d226&sid=googleScholar&xid=6cf856ad](https://www.gale.com/apps/doc/A466519886/LitRC?u=anon~5763d226&sid=googleScholar&xid=6cf856ad).
- Sobalvarro, Carmen. „Toda estoy triste“, Daisy Zamora (Ed), *La mujer nicaragüense en la poesía*. Editorial Nueva Nicaragua: Managua, 1992, bls. 75–76.
- Sobalvarro, Carmen. „Divagando“, *El Imparcial*. 18 de abril del 1934, bls. 3.
- Sobalvarro, Carmen. „La indita de Nicaragua“, *El Imparcial*. 18 de abril del 1934, bls. 3.
- Sobalvarro, Carmen. „Cómo me llegó su libro...“, *El Gráfico*. 15 de junio del 1930, bls. 13.
- Sobalvarro, Carmen. „Una rosa“, *El Gráfico*. 3 de noviembre del 1929, bls. 5.
- Sobalvarro, Carmen. „Yo quisiera ser...“, *El Gráfico*. 3 de noviembre del 1929, bls. 5.
- Solís, Pedro Xavier. *El movimiento de vanguardia de Nicaragua*. Colección Cultural de Centro América: Managua, 2001.
- Swanson, Philip. *Latin American Fiction. A short introduction*. Wiley, 2008.
- Taylor Cane, Adrian. *Central American Avant-Garde Narrative: Literary Innovation and Cultural Change (1924-1936)*. Cambria Press: Amherst, 2014.
- Ticas, Sonia P. „Activismo político y poesía femenina en la década de 1940 en El Salvador“, *Carátula*. Vol. 44, 2011, bls. 290–333.
- Toruño, Juan Felipe. *Desarrollo Literario de El Salvador*. Departamento Editorial del Ministerio de Cultura: San Salvador, 1957.
- Unruh, Vicky. „Chinфонía burguesa: A Linguistic Manifesto of Nicaragua’s Avant-Gardé“, *Latin American Theatre Review*, 1987, bls. 37–49. <https://journals.ku.edu/latr/article/view/683/658>
- Vela, Tania. *Literatura, análisis de situación de la expresión artística en El Salvador*. Fundación AccesArte: San Salvador, 2012.
- Velásquez, Antonio. „Entrevista a Matilde Elena López (1919-2010), a cinco años de su muerte“, *Repertorio Americano*. No. 25, 2007, bls. 253–265.
- Videla de Rivero, Gloria. „Poesía de vanguardia en Hispanoamérica a través del *Repertorio Americano* de San José de Costa Rica (1924–1930)“, *Revista de Literaturas Modernas*. No. 16, 1983, bls. 96–122.
- Zamora, Daisy. „La mujer nicaragüense en la poesía“, *Revista Iberoamericana*. Vol. LVII (157), 1991, bls. 933–958.
- Quesada Soto, Álvaro. *Breve historia de la literatura costarricense*. Editorial Costa Rica: San José, 2008.

ÚTDRÁTTUR

**Úr brunnum gleyskunnar:  
Skrif miðamerískra kvenna  
á fyrri hluta 20. aldar**

Í greininni sem hér fylgir er sjónum beint að skáldskaparskrifum miðamerískra kvenna við upphaf 20. aldar. Skoðað er hvernig umgjörð framúrstefnunnar, sem fól í sér hugmyndafræðilega endurskoðun og formtilraunir á sviði bókmennta, opnaði konum dyr til að komast inn á svið bókmenntanna, sem til þess tíma hafði verið mjög í höndum karla. Umrædd uppstokkun átti sér stað á mismunandi hraða í mismunandi löndum og innan mismunandi greina bókmennta. Eftir stutta almenna kynningu er ljósi varpað á það hvernig konur beindu síendurtekið sjónum að hlutverki og stöðu kvenna í skrifum sínum og spurt hvort efnistöð þeirra ættu í raun að vera tilgreind sem eitt einkenna framúrstefnunnar til að komast hjá útskýfun umræddra höfunda úr fræðilegri umræðu um framúrstefnuna. Bókmenntaframlög Carmenar Sobalvarro (Níkaragva, 1908–1947/8), Matildu Elenu López (El Salvador, 1923–2010), Pilar Bolaños (El Salvador, 1923–1961) og Yolöndu Oreamuno (Kostaríku, 1916–1956), munu þjóna sem vegvísar til að auka skilning á efninu.

*Lykilorð:* Mið-Ameríka, Carmen Sobalvarro, Matilde Elena López, Pilar Bolaños, Yolanda Oreamuno.



## ABSTRACT

**Rescued from Oblivion:  
Writings by Central American Women  
in early 20th Century**

This article discusses Central American women's preference for fiction writing in early 20<sup>th</sup> Century. It aims to shed light on how the Avant-Garde, as a cultural renovation intertwined with literary experimentation, offered a space for women to enter the literary scene traditionally occupied by men. These changes occurred at a different pace in different countries and within different genres, such as poetry, essays, and short story writing. After briefly contextualizing the scene, the focus shifts to the way questioning women's role and place in society should be considered as a feature of women's entry into the "new art". The literary contributions of Carmen Sobalvarro (Nicaragua, 1908–1947/8), Matilde Elena López (El Salvador, 1923–2010), Pilar Bolaños (El Salvador, 1923–1961) and Yolanda Oreamuno (Costa Rica, 1916–1956), will serve as roadmaps to an enhanced understanding of the topic.

*Key Words:* Central América, Carmen Sobalvarro, Matilde Elena López, Pilar Bolaños, Yolanda Oreamuno.